

11. nóvember 2011



Mynd: Sveinn Ragnarsson

Stoðkerfi atvinnu og byggða á Vestfjörðum

Greinargerð starfshóps

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Stofnanirnar í dag | 4 |
| Fjórðungssamband Vestfirðinga | 4 |
| Vaxtasamningur Vestfjarða..... | 5 |
| Menningarráð Vestfjarða..... | 5 |
| Markaðsstofa Vestfjarða..... | 5 |
| Skipurit..... | 6 |
| Stjórn | 6 |
| Stjórn - Tillaga nr. 1..... | 7 |
| Stjórn – Tillaga nr. 2 | 7 |
| Fagráð | 8 |
| Framkvæmdastjóri..... | 8 |
| Fjórðungsþing Vestfirðinga | 9 |
| Verkefni og verksvið | 9 |
| Núverandi samningar og kjör..... | 10 |
| Innleiðing í skrefum | 11 |
| Verkefna skrefin:..... | 11 |
| Fyrirkomulag klasasamstarfs í innleiðingarferli | 12 |
| Næstu skref..... | 12 |
| Ályktun starfsmanna Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða..... | 13 |
| Samantekin álit starfsmanna | 14 |
| Ályktun forstöðumanns Markaðsstofu Vestfjarða..... | 15 |
| Ályktun Atkvenna..... | 17 |
| Ályktun Ferðamálasamtaka Vestfjarða | 18 |

Stoðkerfi atvinnu og byggðapróunar á Vestfirðum

Á 56. Fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem haldið var í Bolungarvík 2. og 3. september s.l., var farið yfir stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar með það að markmiði að skoða skilvirkari og öflugri leiðir til að sinna því starfi. Niðurstaða þingsins var samþykkt eftirfarandi tillögu:

Skoða skal sameiningu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Markaðsstofu Vestfjarða, Menningarráðs Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vestfjarða, með það að markmiði að skapa stærri og öflugri einingu þar sem möguleikar eru á aukinni sérhæfingu starfsfólks. Einingin skal hafa eitt viðmót á öllum þremur starfsstöðvum.

Ákveðið var á Fjórðungsþinginu að skipaður yrði starfshópur til að vinna að útfærslu sem lögð yrði fyrir á aukþingi. Helstu ástæður fyrir endurskoðun stoðkerfisins eru stefna sveitarfélaga, en það er stefna þeirra að stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar verði einfaldað og endurskipulagt. Einnig hefur verið horft til þeirrar vinnu og þess fyrirkomulags sem notast er við í öðrum landsfjórðungum. Sambærilegt rekstrarform líkt og meirihluti starfshópsins leggur til er á Vesturlandi og Norðurlandi Vestra. Austurland var einnig á dögnum að hefja innleiðingarferli sitt vegna sameiningar sem er þó töluvert stærri í sniðum en sú sem lögð er til fyrir Vestfirði. Telja Austfirðingar sig hæfari og betur geta tekist á við stærri verkefni með þessari sameiningu, en starfshópurinn fékk Hafliða H. Hafliðason framkvæmdastjóra Þróunarfélags Austurlands á fund sinn til að kynna sameiningarferlið sem hefur átt sér stað á Austurlandi. Ennfremur er stefna ríkisvaldsins t.d í tengslum við verkefnið Ísland 2020, að einfalda og endurskipuleggja stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði.

Starfshópurinn skipa Albertína Fr. Elíasdóttir (FV), Ómar Már Jónsson (Atvest), Leifur Ragnar Jónsson (Menningarráð), Arna Lára Jónsdóttir (Vaxvest), Sigurður Atlason (Markaðsstofa) og Díana Jóhannsdóttir, verkefnastjóri FV.

Starfshópurinn hefur hist á níu fundum:

21. september 2011 – Fyrsti fundur

30. september 2011 – Annar fundur, gagnaöflun, Hafliði H. Hafliðason framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands kynnti sameiningarferli Austfirðinga

10. október 2011 – Vinnufundur í Heydal

17. október 2011 – Yfirfarin og endurskoðuð sú stefna sem tekin var í Heydal

21. október 2011 – Fundur vegna ábendinga frá stjórn FV

31. október 2011 – Fundur með starfsmönnum stoðkerfisins

3. nóvember 2011 – Fundað vegna og gerðar breytingar m.t.t. athugasemda frá starfsmönnum

8. nóvember 2011 – Fundur með viðkomandi stjórnnum

10. nóvember 2011 – Lokafundur, frágangur greinargerðar

Allir fundirnir nema vinnufundurinn í Heydal hafa verið haldnir í gegnum síma. Þá voru fundir með starfsmönnum og stjórnnum haldnir í gegnum síma og netfundabúnaði svo hægt var að vera með kynninguna á þremur stöðum. Taldi starfshópurinn mikilvægt að bera vinnuna undir starfsmenn stoðkerfisins og stjórnir viðkomandi stofnana, þess til marks voru gerðar töluverðar breytingar eftir þá fundi.

Starfshópurinn lét einnig setja upp síðu á heimasíðu Atvest, þar sem gögn og fundargerðir starfshópsins voru settar inn, í þeim tilgangi að hafa ferlið sem gegnsæjast. Ennfremur óskaði starfshópurinn eftir tengiliðum í þeim stofnunum og ráðuneytum sem tengjast stoðkerfinu t.d. með fjármagni. Það voru tilnefndir tengiliðir í mennta- og menningarmálaráðuneytinu,

iðnaðarráðuneytinu, Ferðamálasamtökum Íslands, Ferðamálastofu og Byggðastofnun og fengu þeir sendar fundargerðir og gögn starfshópsins til upplýsinga, en einnig var óskað eftir athugasemdum frá þeim á þá vinnu sem hafði átt sér stað.

Stofnanirnar í dag

Farið verður yfir þessar fimm stofnanir sem sameiningin snýst um, eignarhald þeirra, fjármögnun og stjórnskipan. En mikilvægt er að núverandi fjármagn til stoðkerfisins verði áfram tryggt og gerir starfshópurinn ekki ráð fyrir að framlög til stofnana verði skert, heldur haldist óbreytt. Þess má geta að við endurskoðun stoðkerfisins á Austurlandi tóku stjórnvöld einnig vel í aukin verkefni til nýrrar, stærri stofnunar, með tilheyrandi auknu fjármagni. Einnig má gera ráð fyrir því að með sameiningu nýttist núverandi fjármagn betur og þá hægt að ráðstafa umframfjármagni til nýrra, mikilvægra verkefna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) eru frjáls félagasamtök og eru eigendur þess sveitarfélögin á Vestfjörðum. Starfsemi samtakanna byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga um heimild sveitarfélaga að stofna til svonefndra landshlutasamtaka og eru alls starfandi átta slík samtök í öllum landshlutum.

Fjármagn FV kemur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélag sveitarfélag samkvæmt lögum um starfsemi sjóðins, sveitarfélögunum á Vestfjörðum samkvæmt samþykkt Fjórðungspings Vestfirðinga ár hvert um upphæð árstíllags á íbúa, en einnig fær FV verkefnaframlög sem tengd eru ákveðnum verkefnum.

| Framlög 2010 | |
|--|-------------------|
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 17.592.655 |
| Framlög sveitarfélaganna | 10.333.987 |
| Framlög sveitarfélaganna v. Markaðsstofu | 5.800.004 |
| Verkefnaframlög | 1.180.053 |
| Samtals | 34.906.699 |

FV veitir síðan áfram fjármagni til ákveðinna verkefna eftir samþykkt Fjórðungspings Vestfirðinga ár hvert, þannig var á árinu 2010 veitt 6,8 mkr. til Markaðsstofu Vestfjarða og 4,5 mkr. til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Stjórn FV er skipuð fimm sveitarstjórnarfulltrúum sem kosnir eru á Fjórðungspingi Vestfirðinga annað hvert ár.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða er hlutafélag í eigu Fjórðungssambands Vestfirðinga (34,29%), Byggðastofnunar (22,1%), Atkvenna (13,13%) og um 100 annarra minni hluthafa, einstaklinga og fyrirtækja.

Fjármagn Atvest kemur frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum (í gegnum FV), samkvæmt sérstökum lið af fjárlögum se, ráðstafað er af Byggðastofnun, en einnig fær Atvest verkefnaframlög tengd ákveðnum verkefnum.

| Framlög 2010 | |
|-------------------------|------------|
| Framlög Byggðastofnunar | 34.711.520 |
| Framlög FV | 4.500.000 |

| | |
|------------------------------|-------------------|
| Framlög vegna Vaxtarsamnings | 7.380.546 |
| Önnur framlög | 7.946.669 |
| Samtals | 54.538.735 |

Stjórn Atvest er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru á aðalfundi félagsins ár hvert. Á síðasta aðalfundi voru kjörnir þrjú fulltrúar frá FV, tveir eru fulltrúar atvinnulífsins, einn er frá Byggðastofnun og einn frá Atkonum.

Vaxtarsamningur Vestfjarða

Vaxtarsamningur Vestfjarða er samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytisins og Atvest og koma fjárframlög frá iðnaðarráðuneytinu en Atvest leggur til vinnuframlag tengt verkefninu. Framlag iðnaðarráðuneytisins til Vaxtarsamnings Vestfjarða eru 25 mkr. á ári.

Stjórn Vaxvest er skipuð af iðnaðarráðherra og þiggur ekki laun fyrir störf sín.

Menningarráð Vestfjarða

Menningarráð Vestfjarða er ráð fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Framlög Menningarráðs koma að mestu frá ríkinu (mennta- og menningarmálaráðuneytinu), en önnur framlög koma frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum.

| | |
|---|-------------------|
| Fjárhagsáætlun 2011 | |
| Framlög frá ríki | 26.000.000 |
| Framlög sveitarfélaga til rekstrar | 5.892.800 |
| Framlög sveitarfélaga til verkefnastyrkja | 7.000.000 |
| Vaxtatekjur | 1.000.000 |
| Samtals | 39.892.800 |

Stjórn Menningarráðs er skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn og eru þeir kjörnir á aðalfundi Menningarráðs sem haldinn er samhliða Fjórðungspingi Vestfirðinga.

Markaðsstofa Vestfjarða

Markaðsstofa Vestfjarða er sjálfseignarstofnun í eigu FV, Atvest og Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Framlög Markaðsstofu koma frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum í gegnum FV, frá stofnaðilum, Ferðamálastofu og Alþingi. Einnig hefur Markaðsstofa tekjur af auglýsingum og sölu á auglýsingavörum ýmiskonar.

| | |
|--|-------------------|
| Fjárhagsáætlun 2011 | |
| Framlög sveitarfélaga | 5.800.000 |
| Framlög stofnaðila, FV | 1.000.000 |
| Framlög stofnaðila, Ferðamálasamtök Vestfjarða | 1.200.000 |
| Ferðamálastofa | 5.000.000 |
| Alþingi | 3.500.000 |
| Önnur framlög | 1.500.000 |
| Samtals | 18.000.000 |


Stjórn Markaðsstofu er skipuð þremur fulltrúum, einum frá hverjum stofnanda, þ.e. fulltrúa FV,

fulltrúa Atvest og fulltrúa frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða, tilnefna stofnendur fulltrúa til tveggja ára í senn.

Skipurit

Eftirfarandi skipurit hefur verið sett upp af starfshópnum fyrir nýja stoðstofnun. Verkefnum núverandi stofnanna hefur verið skipt niður á þrjú svið, atvinnu-, byggða-, og þróunarmál, menningarmál og markaðsmál. Undir atvinnu-, byggða-, og þróunarmál fellur núverandi starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vaxtasamningur Vestfjarða. Menningarmálanum er haldið sér vegna sérstöðu menningarsamningsins. Einnig er það í samræmi við þá hópavinnu sem fór fram á 56. Fjórðungspingi Vestfirðinga, þar sem helsta niðurstaða vegna Menningarráðs var að það skyldi vera með óbreyttu sniði. Einnig taldi starfshópurinn rétt að koma til móts við sjónarmið sem komu fram við fyrstu kynningar tillögunnar, þess efnis að málefni Markaðsstofu væru ekki nógu sýnileg í fyrsta skipuritinum sem starfshópurinn setti fram. Lögð var áhersla á það innan starfshópsins að þegar kæmi að skipuritinum og deildarskiptingu væri „mottó“ hópsins, „einfalt er betra“ og að ekki yrði aukið á flækjustig stofnunarinnar með flóknu skipuriti eða verkaskiptingu og að einkunnarorð vinnunnar væru skilvirkni, einföldun og hagkvæmni. Gert er ráð fyrir að stjórn Vaxtarsamningsins muni starfa óbreytt, enda starfar hún sem úthlutunarnefnd og það sama gildir um Menningarráð. Aftur á móti er það lagt til að stjórnir Atvest og Markaðsstofu starfi ekki áfram heldur falla inn í nýja stofnun, hlutverk stjórnar FV er mismunandi eftir útfærslum, sjá nánar í næsta kafla.

Miðað við nýtt skipurit yrðu áfram starfandi menningarfulltrúi og fulltrúi markaðsmála og þannig haldist áfram núverandi verk svið. Þannig verði áfram starfsheitin, fulltrúi menningarmála og fulltrúi ferðamála innan nýrrar stofnunar en heyra beint undir framkvæmdastjóra. Starfshópurinn telur mikilvægt að halda áfram að vinna að þeim verkefnum sem í gangi eru og að heldur leiði breytingarnar til þess að starfsmenn geti átt samvinnu og samráð um verkefni sem eigi að geta leitt til þess að efla starfsemina og gera hana betur í stakk búna að takast á við stærri verkefni.



Stjórn

Samkvæmt tillögu starfshópsins á stjórn að hafa stefnumótandi og stjórnunarlegt hlutverk og það er stjórnar að setja almennar reglur og skapa metnaðarfullt og gott starfsumhverfi fyrir stofnunina. Stjórn fylgist með að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð og ákvarða fjárframlag til skipulagsheildar og fylgist með ráðstöfun þess.

Þegar kom að tillögu starfshópsins um stjórnarskipan þá komu fram tvö ólík sjónarmið og því ákveðið að settar yrðu fram eftirfarandi tvær tillögur sem báðar yrðu lagðar fyrir aukabætur í nóvember n.k.

Stjórn - Tillaga nr. 1

Fimm manna stjórn sem einungis er skipuð sveitarstjórnarfulltrúum. Helstu rökin fyrir þeirri stjórn eru að þar sé um að ræða lýðræðislega kjörna fulltrúa sem geti komið fram fyrir hönd sveitarfélaga og íbúa þeirra. Það er ótti við aukið flækjustig þar sem hagsmunaaðilar geta ekki komið fram fyrir hönd fjórðungsins og geta þar með ekki tekið afstöðu til pólitískra mála sem almennt koma inn á borð stjórnar Fjórðungssambandsins. Að sama skapi geta íbúar á svæðinu ekki haft áhrif á hagsmunaraðila líkt og þeir geta haft áhrif á sveitarstjórnarfulltrúa sem þeir kjósa á fjögurra ára fresti.

Í nýjum sveitarstjórnarlögum sem taka gildi nú um áramótin er vægi landshlutasamtaka aukið og mikil umræða hefur skapast um aukið hlutverk og aukin verkefni landshlutasamtakanna. Ríkisvaldið hefur t.d. komið á verkefnum líkt og sóknaráætlun landshluta, sem snýr að samþættingu áætlana og hefur ríkisvaldið ályktað að landshlutasamtökin séu vel til þess fallin að sinna þessu verkefni. Það er því mikilvægt að starfshópurinn sé meðvitaður um þessa stefnu stjórnvalda við vinnu sína við endurskipulagningu stoðkerfisins.

Að því er varðar starfsmannamál og nógildandi samninga yrði ofangreind tillaga einföldust, þá myndi FV yfirtaka gildandi samninga og þeir þannig flytjast óbreyttir inn í starfsemi stofnunar sem myndi starfa undir kennitölu FV. Er þetta ein af veigamiklum ástæðum þess að meirihluti starfshópsins mælir með því að farin verði þessi leið við sameiningu stofnana stoðkerfisins.

Líkt og komið hefur verið inn á er þessi leið farin annarstaðar á landinu, þar á meðal á Vesturlandi sem og á Norðurlandi Vestra. Á Vesturlandi hefur rekstur atvinnuþróunarfélags (SSV – þróun og ráðgjöf) og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) alltaf verið sameiginlegur og þykir það hafa reynst mjög vel. SSV er með skrifstofu í Borgarnesi, en auk þess eru ráðgjafar með viðverutíma á Akranesi, Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi. Á Norðurlandi Vestra var ákveðið að sameina starfsemi SSV og Atvinnuþróunarfélags Norðurlands Vestra árið 2004 og tók sú sameining formlega gildi um áramótin 2004/2005. Aðalmarkmið endurskipulagningarinnar var að einfalda og bæta rekstur þeirra eininga sem og að auka framleiðni, og styrkja og efla ráðgjöfina í heild sinni. Lögð var áhersla á að skerpa línur til að ná beinskeyttari og markvissari árangri en áður. Í dag er rekstri SSV skipt upp í þrjár meginstoðir, en þær eru SSV, SSV málefni fatlaðra og SSV atvinnuþróun. Fram kemur, m.a. í ársskýrslu SSV fyrir árið 2005 og sömuleiðis árið 2006 að framangreindar breytingar hafi einfaldað stjórnsýslu stoðkerfisins og samtaka sveitarfélaga umtalsvert og gert hana markvissari og skilvirkari. Skrifstofur SSV eru á þremur stöðum; Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki.

Stjórn - Tillaga nr. 2

Fimm manna stjórn fyrir nýja stofnun sem samansett verður á eftirfarandi hátt:

- Þrír stjórnarmenn verði sveitarstjórnarfulltrúar, taldi starfshópurinn mikilvægt að tryggja aðkomu sveitarfélaganna á svæðinu og styrkja þannig við stofnunina. Þessir þrír fulltrúar í stjórn bera ábyrgð á að koma málefnum og verkefnum Fjórðungspings á framfæri.
- Tveir stjórnarmenn verði frá hagsmunaaðilum, verða þessir tveir fulltrúar kosnir af fagráði og úr fagráðinu.

Fulltrúar í starfshópnum gerðu styrkleika/veikleika greiningar, í samstarfi við stjórnir og/eða starfsmenn, vegna sameiningar. Fram kom í þessum greiningum ótti við pólitíska stjórn og að ákvarðanir yrðu ekki lengur teknar á faglegum grundvelli ef stjórn væri einungis skipuð

sveitarstjórnarfulltrúum. Var þessi ótti einn af megin ástæðum þess að sett var fram tillaga með stjórn sem er samansett af sveitarstjórnarfulltrúum og hagsmunaaðilum. Í þeirri vinnu sem hefur átt sér stað við endurskoðun stoðkerfisins á Austurlandi var þessi leið farin, að blanda saman í stjórn hagsmunaaðilum, sveitarstjórnarfulltrúum og aðila frá ríkisvaldinu.

Af því er varðar starfsmannamál í tillögu nr. 2 er sú útfærsla flóknari en vegna tillögu nr. 1., lög um séreignastofnanir myndu gilda og veita þau ekki jafnmikið frelsi og lög um frjáls félagasamtök. Þó væri hægt að fara svo kallaða aðildarskiptaleið þar sem sett yrði á stofn ný sjálfseignarstofnun sem yfirtæki gildandi samninga. Það gilda þó lög um þá leið og ákveðnir tímafrestir sem uppfylla þyrfti.

Starfshópurinn telur rétt að greitt sé fyrir stjórnarsetu, á það við um báðar tillögur.

Fagráð

Starfshópurinn leggur það til að sett verði upp fagráð sem hefði það hlutverk að vera ráðgefandi og að starfa með stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmönnum nýrrar stofnunar. Helsta verkefni fagráðs verði árleg stefnumótun og starfsáætlun stofnunar í samstarfi með stjórnina. Einnig gæti stjórn og framkvæmdastjóri leitað til fagráðs vegna sértækra mála. Starfshópurinn telur að fagráð eigi að vera góð tenging við grasrótastarfsemi hvers geira og mikilvægt sé að viðhalda þeirri tengingu, þessi skoðun kom einnig fram í styrkleika/veikleika greiningunum sem framkvæmdar voru. Atvinnulífið og hagsmunasamtök þess hafa að auki sterk tengsl við Vaxtarsamning Vestfjarða, bæði stjórn þess og í gegnum verkefnaval, því er mikilvægt að halda þeirri tengingu.

Því leggur hópurinn til að fagráð verði skipað sex-sjö fulltrúum eftirfarandi aðila/geira:

- Ferðamálasamtök Vestfjarða
- Menningarráð Vestfjarða
- Sjávarútvegsgeira (t.d. úr starfandi sjávarútvegsklasa¹)
- Mennta-, rannsókn- og fræðasetur (t.d. úr rannsóknaklasa²)
- Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
- Fulltrúi verslunar og þjónustu³
- (Fulltrúi stjórnar⁴)

Starfshópurinn telur rétt að greitt sé fyrir setu í fagráði, enda auki það líkurnar á að fá þar inn hæft fólk með þekkingu á málefnum.

Framkvæmdastjóri

Í núverandi stoðstofnunum eru um tíu stöðugildi með mjög vítt verksvið og því augljóst að ef að sameiningu verður þarf öflugan framkvæmdastjóra sem getur haft góða yfirsýn yfir öll verkefni stofnunarinnar. Helstu verkefni framkvæmdastjóra verða:

- Ábyrgð á fjármálum
- Starfsmannamál

¹ Núverandi sjávarútvegsklasi tekur ekki til alls sjávarútvegsins og því setur starfshópurinn fyrirvara á val einstaklings úr takmörkuðum hópi til setu í fagráði.

² Stofnaður var formlegur rannsóknaklasi á Vestfjörðum 26. – 27. maí s.l. og leggur starfshópurinn til að fulltrúi hans verði í fagráði, þó setur hópurinn fyrirvara um það þar sem mikilvægt er að fagaðili komu úr virkum klasa og er um nýstofnaðan klasa að ræða og enn á eftir að sjá hversu virkur hann verður.

³ Enginn klasi eða samtök eru starfandi á vegum verslunar og þjónustu á Vestfjörðum, en þó eru verkefni á borði Atvest tengd þessum geira. Leggur starfshópurinn til að fenginn verði aðili úr þeim geira um leið og skýrt er hvaðan hægt sé að velja þann aðila.

⁴ Vegna tillögu nr. 1 er settur inn fulltrúi stjórnar í fagráð, er það gert til að tryggja tengingu milli stjórnar og fagráðs.

- Útdeiling verkefna
- Sitja stjórnarfundi
- Sitja fundi fagraðs
- Þátttaka í stefnumótun
- Utanumhald Fjórðungsþings Vestfirðinga

Starfshópurinn telur mikilvægt að framkvæmdastjóri sé verkstjóri en ekki verkefnastjóri og að ljóst sé frá upphafi hvert verksvið hans sé.

Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ef að tillaga nr. 1 næði fram að ganga þá skuli það ekki hafa nein áhrif á árlegt Fjórðungsþing sveitarstjórnarfulltrúa, enda mikilvægur vettvangur fyrir sveitarstjórnarmenn að hittist og stilla saman strengi sína í sameiginlegum hagsmunamálum. Það verði áfram á ábyrgð sveitarstjórnarmanna í stjórn nýrrar stofnunar, sem kosnir eru á Fjórðungsþingi, að sjá til þess að þær ákvarðanir, ályktanir og verkefni sem ákveðin eru á fjórðungsþingum séu unnin áfram í stofnuninni. Sama gildir ef tillaga nr. 2 nær fram að ganga að undanskyldu því að það er þá í verkahring þeirra þriggja sveitarstjórnarfulltrúa sem kosnir eru á Fjórðungsþingi til að sitja í stjórn nýrrar stofnunar að tryggja framgang þeirra mála sem samþykkt eru á þinginu.

Einnig eru boðaðir á Fjórðungsþingi aðilar sem vinna á fjórðungsvísu, sem og aðrir gestir sem taka þátt í störfum þingsins, mikilvægt er að viðhalda þeirri tengingu áfram.

Verkefni og verksvið

Starfshópurinn leggur það til að skilgreina þarf verksvið allra starfsmanna upp á nýtt og mikilvægt að skoða núverandi verkefni og gildandi samninga við þá vinnu. Hver stofnun lagði fram lista yfir kjarnaverkefni sín sem mikilvægt sé að renni inn í nýja stofnun.

Helstu verkefni/samstarfsverkefni Markaðsstofu Vestfjarða:

- Verkefni sem koma fram í stefnumótun FMSV
- Viðtalda tengslaneti og þátttöku í Evrópuverkefnum, ENT, European Network Travel og EDEN, European Destination of Excellence
- Sérstök bindandi verkefni sem koma fram í samningi Markaðsstofu og Ferðamálastofu
- Samstarfsverkefni Markaðsstofu Vestfjarða og Ferðamálastofu um kortlagningu ferðamannastaða á Vestfjörðum
- Upplýsingamiðstöðvarmál í fjórðungnum, Verkefni sem verður að halda áfram og leysa
- Samvinna Markaðsstofa landshluta

Helstu verkefni/samstarfsverkefni Fjórðungssambands Vestfirðinga:

- Hagsmunagæsla fjórðungsins, veiting umsagna frumvarpa frá Alþingi og stjórnsýslu ríkisins
- Skipulagsmál, t.d. svæðisskipulag í tengslum við framtíðarsýn Vestfjarða
- Árlegt Fjórðungsþing, ráðstefnur og fundir sveitarstjórnarfulltrúa
- EFTA samstarf á sveitarstjórnarstigi
- Evrópuverkefni
- Samstarf við önnur landshlutasamtök

Vakin er athygli á að við breytingu á sveitarstjórnarlögum sem taka gildi á komandi áramótum verður stjórnvöldum heimilt að semja við landshlutasamtök sveitarfélaga um aukin verkefni á sviði byggðapróunar.

Helstu verkefni/samstarfsverkefni Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga:

- Framfylgi atvinnustefnu svæðisins í heild eða innan svæða á Vestfjörðum
- Ráðgjöf og aðstoð til fyrirtækja og einstaklinga vegna þróunar atvinnutækifæra
- Umsjón með Vaxtasamningi Vestfjarða, rekstur samningsins sem og aðstoð við fyrirtækja- og stofnanaklasa
- Verkefnastjórnun
- Hagtölugreining

Helstu verkefni/samstarfsverkefni Menningarráðs Vestfjarða:

- Efla og kynna menningarstarf, listir og menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum
- Vinna að fjölgun skapandi starfa í fjórðungnum, gæðaþróun og faglegum vinnubrögðum
- Þróunarstarf í menningarmálum, stuðla að nýsköpun og fjölbreytni
- Hvetja til samstarfs ólíkra aðila og listgreina innan svæðis og utan
- Efla ímynd Vestfjarða og sjálfsmynd íbúa í gegnum menningarverkefni
- Hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings ríkis og sveitarfélaga um menningarmál og úthluta fjármagni til verkefna

Helstu verkefni/samstarfsverkefni Vaxtasamnings Vestfjarða:

- Úthlutun styrkja til verkefna
- Þróun klasasamstarfs

Þetta er einungis listi yfir kjarnaverkefni hvernar stofnunar og engan veginn tæmandi listi.

Starfshópurinn lítur ekki á það sem verkefni sitt í þessari vinnu að ákvarða verksvið starfsmanna, það sé verkefni sem þarf að vinna með stjórnnum og starfsmönnum við innleiðingu.

Núverandi samningar og kjör

Starfshópurinn hefur leitað eftir lögfræðialiti frá lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fá svör verðandi stöðu núverandi starfssamninga og kröfu um auglýsingar á störfum. Helstu málin sem þurfti að fá úrlausn í voru hvort segja þyrfti öllum starfsmönnum upp, auglýsa stöður þeirra og ráða aftur ef verður af sameiningu í eina stofnun. Lög vegna starfsmanna eru mismunandi eftir því hvaða form verður á nýrri stofnun. Ef tillaga nr. 1 verður samþykkt verður að öllum líkindum um að ræða frjáls félagasamtök líkt og FV er núna, en ef tillaga nr. 2 verður samþykkt þarf að stofna sjálfseignarstofnun og eru löggin er snúa að þeim flóknari. Þá er verið að setja á fót nýja stofnun sem og ný störf. Það er vilji starfshópsins að reynt verði af mætti að komast hjá uppsögnum, enda mikill mannauður til staðar í núverandi starfsmönnum stoðkerfisins. Ef öryggi starfsmanna er sett efst á blað er besta leiðin að komast hjá sjálfseignarstofnun því lög er snúa að þeim eru ekki eins lipur. Einfaldasta leiðin gagnvart starfsfólki yrði sameining undir hatti FV, þar sem færri lög og reglur gilda um frjáls félagasamtök, þá gæti FV yfirtekið núverandi samninga. Ef niðurstaðan verður stofnun nýrrar sjálfseignarstofnunar þá væri hægt að fara aðilaskiptaleið, þá væri í raun sett á laggirnar ný

stofnun sem yfirtæki samninga og starfsemi núverandi stofnana. Það gilda þó sérstök lög um aðildarskiptaleiðina sem gerir ferli þeirrar leiðar flóknara í framkvæmd.

Óskað hefur verið eftir minnisblaði frá lögfræðingi Sambandsins þar sem allur vafi er tekinn af varðandi starfsmenn, verður það lagt fram um leið og það berst.

Innleiðing í skrefum

Eftir fund með starfsmönnum, stjórnnum stofnana og eftir frekari umræður innan starfshópsins var lagt til að áfram yrði unnið að þeim tveimur tillögum sem starfshópurinn hafði lagt fram en að útfært yrði langtíma, tímasett innleiðingar/aðlögunarferli.

Er þar komið til móts við tillögur starfsmanna um lengra aðlögunartímabil, en starfshópurinn telur að með því að koma á skipulögðu innleiðingarferli í skrefum sé hægt að byggja upp meira traust milli stofnana og starfsmanna. Einnig gæti lengri innleiðingartími verið raunhæfari en heildarsameining um næstu áramót sem gætu orðið til þess að skapa of mikinn óstöðugleika í kerfinu í heild. Með innleiðingu í nokkrum skrefum væri auknar líkur á víðtækari sátt í kerfinu og sömuleiðis væri hægt að undirbúa sameiningu mismunandi stofnana inn í sameiginlega stofnun mun betur en raunhæft væri á skemmri tíma.

Á þessum innleiðingartíma væri sömuleiðis hægt að ná betur saman verksviði hvernar stofnunar og ábyrgðarsviði starfsmanna.

Verkefna skrefin:

- **Sameining FV og Atvest**

Telur starfshópurinn að hægt væri að fara fyrst í sameiningu FV og Atvest, þar séu mesta samstarfið nú þegar og sami framkvæmdastjórinn sem stýrir nú þegar báðum stofnunum skv. samstarfssamningi sem gildir til loka þessa árs. Miðað er við að sameining FV og Atvest gæti orðið 1. janúar 2012, og þá í samhengi við gildistíma samstarfssamninginn.

- **Flutningur starfsmanns Markaðsstofu Vestfjarða inn í Vestrahús**

Stjórn Markaðsstofu hefur þegar fjallað um að starfsmaður Markaðsstofu flytjist í Vestrahúsið þar sem FV og Atvest starfa nú, gæti slíkur flutningur því átt sér stað fljótlega, eða um leið og hægt er skv. leigusamningum.

- **Komið á fót mánaðarlegum samstarfsfundum stofnana**

Í tillögum starfsmanna frá s.l. sumar er að finna grunn af útfærslu að klasasamstarfi milli þessara fjögurra stofnana. Starfshópurinn leggur til að formlegt samstarf hefjist strax í janúar 2012. Farið verður nánar í útfærsluna seinna í greinargerðinni. Einnig leggur starfshópurinn til að skoðað verði aukið og formfastara samstarf milli starfsmanna stoðkerfisins og NMÍ.

- **Regluleg endurgjöf varðandi framgang sameiningar og samvinnu**

Starfshópurinn telur mikilvægt að á föstum tímamörkum sé farið yfir hversu vel samvinnan gengur til að meta árangur. Telur starfshópurinn að eðlilegur tímarammi vegna endurgjafar á ferlið séu sex mánuðir frá því að formlegt samstarf hefist (júní 2012).

- **Innkoma Menningarráðs og Markaðsstofu í sameinaða stofnun**

Heildarsameining eigi síðar en 1. janúar 2013.

Fyrirkomulag klasasamstarfs í innleiðingarferli

Markmið samstarfsvettvangsins væri að kynna starfsemi stoðkerfisins, stofna eina gátt fyrir viðskiptavinum, vera með reglulega, mánaðarlega samráðsfundi þar sem farið er yfir verkefni og sérstaklega þau sem skarast milli stofnana, auka samræðu og samráð um þjónustu milli stofnana og milli svæða og samþætta áætlanir.

Starfshópurinn telur mikilvægt að haldið sé vel utan um verkefnið og því er æskilegt að það sé t.d. í verkahring nýrrar sameiginlegrar stofnunar Atvest og FV að halda utan um fundina, skipulagningu og gögn.

Næstu skref

- Málið lagt fyrir auka Fjórðungspingi (25. nóv. 2011)
- Sú tillaga sem samþykkt á Fjórðungspingi verður í kjölfari send til viðkomandi stjórnna og í framhaldinu teknar fyrir á aukaaðalfundum þeirra.
- Innleiðing

Ályktun starfsmanna Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins telja það ekki tímabært að ræða allsherjar sameiningu í þeirri mynd sem hún birtist í greinargerð starfshóps um endurskipulagningu stoðkerfisins.

Starfsmenn telja það farsælla að koma á skipulögðu samstarfi og samráði t.a.m. með reglulegum fundum milli aðila þar sem verður í fyrirrúmi að ræða verkefni og sérstaklega þau verkefni sem hugsanlega geta haft skörun milli stofnana. Komi svo í ljós að slíkt samstarf leiði til þess að það sé raunhæft og rökrétt að sameina stofnanir undir einni kennitölu og stjórn, þá verði það niðurstaða sem unnið verði útfært síðar út frá þessu formlega samvinnuferli.

Þegar samstarfsvettvanginum verður komið á verður það markmið vettvangsins að:

- Kynna starfsemi þátttakenda betur gagnvart sveitarfélögum,
- Mynda eina gátt eða ásýnd fyrir skjólstæðinga okkar,
- Kanna afstöðu skjólstæðinga okkar gagnvart sameiningu stofnana,
- Vera með reglulega samráðsfundi þar sem farið er yfir verkefni og sérstaklega þau sem eru í skörun stofnana á milli – innri kynning,
- Koma með hugmyndir að ásamt því að útfæra sameiginleg byggða- og atvinnuþróunarverkefni
- Auka samræmi og samráð um þjónustu á öllum starfssvæðum stofnanna,

Vettvangurinn mun starfa þannig að starfsmenn Atvest í samráði við FV haldi utan um skipulag og fundarritun og almennt um verkefnisstjórn slíks samtarsvettvangs.

Samantekin álit starfsmanna

Ekki voru þó allir starfsmenn í grunninn mótfallnir sameiningu, en gagnrýni kom á vinnubrögð þar sem er hálfpartinn verið að neyða stofnanir í sameiningu og aðrar ná nokkurn veginn að halda sig utan sameiningar og því óskynsamlegt að fara með það fyrir Fjórðungsping og láta þingfulltrúa kjósa um af eða á. Svo virðist sem ekki séu allir í starfshópnum að vinna að því sem þeim var lagt upp með að gera, þ.e að vinna að sameiningu þessara stofnana.

-

Ábending kom fram um að ef til vill væri best að koma fyrst sameiningu Atvest og FV. En þar er nú þegar töluvert samstarf. Með aukinni samvinnu þess sameinaða batterís við MV og Menningarráð væri hægt að skoða nánari sameiningar þegar reynsla er komin á hlutina. Atvest, MV, Menningarráð og Vaxest eru öll að vinna að sömu verkefnum og hafa að miklu leyti sömu hlutverk og tilgang.

-

Fram kom gagnrýni á það verklag að reyna að sameina stofnanirnar í hraði og að eftir standi óþarflega margir ósáttir í hópi fráfarandi stjórnarmanna og starfsmanna. Atvinnulífið verði hugsanlega einnig ósátt við sína aðkomu ef hún er ekki útfærð þeim mun betur og inn í allt saman blandast svo tortryggni milli svæða og gagnvart pólitíkinni.

-

Fram kom gagnrýni á sérstöðu menningarsamningsins og rökfærslu starfshópsins fyrir því að hann væri á sér sviði, sama gildir um sjálfstæði Menningarráðs og t.d. stjórn Vaxtarsamningsins. Er það virkilega trú starfshópsins að menningarmál séu ekki hluti af atvinnu- og byggðamálum? Ennfremur er það rangtúlkun að hengja sig á umræðu frá Fjórðungspingi, vissulega kom fram að starf Menningarráðs væri í góðum höndum og skyldi vera það áfram en það kom líka fram tillaga, sem var samþykkt, að vinna að sameiningu allra þessara stofnanna Menningarráðs Vestfjarða þar með talið. Það er rangt að handvelja rök úr hópavinnunni eftir hentugleika.

-

Þá var bent á það að þau kjarnaverkefni sem skilgreind eru hjá Menningarráði skv. greinargerð væru að megninu til einnig verkefni annarra stofnanna í stoðkerfinu. Það bendir enn frekar til þess að stofnanir ættu að vinna nánar saman að sameiginlegum verkefnum.

Ályktun forstöðumanns Markaðsstofu Vestfjarða

Markaðsstofa Vestfjarða er fyrst og fremst markaðsstofa ferðamála, ein af 7 á landinu. Samkvæmt samningi við Ferðamálastofu hefur Markaðsstofa Vestfjarða eftirfarandi hlutverk:

- Vinna að markaðssetningu og framgangi ferðaþjónustu í sínum landshluta.
- Vinna að hagsmunamálum aðila í ferðaþjónustu innan síns svæðis.
- Vinna að stefnumótun, samræmingu og að koma á sameiginlegum áherslum og rekstrarforsendum fyrir landshlutamiðstöðvar á landinu í samvinnu við aðrar landshlutamiðstöðvar / markaðsstofur á landinu og Ferðamálastofu.

Markaðsstofa Vestfjarða hefur á undanfögnu ári lagt fram stefnu um hlutverk og verkefni í tengslum við grasrót ferðamála á svæðinu. Sú stefna er í samræmi við áherslur og rekstrarforsendur annarra markaðsstofa. Mikill árangur hefur náðst á undanfögnu ári í samstarfsverkefnum Markaðsstofu Vestfjarða og Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Eins hefur Markaðsstofa unnið náið með Atvinnuþróunarfélaginu og hefur samstarf við stoðgrindina almennt verið jákvætt og gagnlegt. Forstöðumaður tekur undir hugmyndir um klasasamstarf sem og aðrar hugmyndir sem lúta að því að efla faglegt starf, styrkja samstarf eininga og einfalda og efla stuðning við hagsmunaaðila.

Forstöðumaður hafnar þeim fullyrðingum að verkefni Markaðsstofu Vestfjarða séu þau sömu og annarra stofnana í stoðgrindinni. Skörun er í sumum verkefnanna og er nauðsynlega að gott samstarf sé milli eininga, en alrangt er að túlka verkefni Markaðsstofu eins og gert er. Markaðsstofa Vestfjarða sinnir heildrænni svæðamarkaðssetningu Vestfjarða og hefur til þess skilgreinda fjármuni. Markaðsstofa Vestfjarða sinnir auk þess hagsmunagæslu fyrir ferðaþjónustuna.

Í fram komnum tillögum er ekki gert ráð fyrir Markaðsstofu Vestfjarða. Sú stofnun hættir að vera til og tengsl við grasrót hverfur. Ekki er gert ráð fyrir að núverandi forstöðumaður hafi stefnumótandi áhrif né hlutverk í nýju skipulagi. Það er verið að leggja til breytingu á stöðugildi úr fagstjórnanda í óskilgreint stöðugildi sem hefur engin formleg tengsl við fagråd né stjórn nema hugsanlega með milligöngu framkvæmdastjóra.

Forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða telur fram komnar tillögur þess eðlis að vinna gegn faglegri markaðssetningu og framgangi ferðaþjónustu á Vestfjörðum og þar með gegn hagsmunum aðila í ferðaþjónustu á svæðinu. Helstu rökin eru óljós og vanmáttug áhrif grasrótar í nýrri stofnun og yfirfærsla valdsviðs frá faglegum stjórnendum til pólitískrar stjórnar.

Það skipurit sem lagt er fram er þess eðlis að húsbóndavald stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra verður algjört og þar með er sjálfstæði allra eininga úr sögunni. Reynslan hefur kennt okkur að slíkt kerfi er ekki líklegt til árangurs og má nefna dæmi Byggðastofnunar, Íslandsstofu og fleiri. Sérfræðingar vara við slíkum gjörningum og upplifun og reynsla starfsmanna stofnana hér á svæðinu er á einn veg enda leggjast nánast allir starfsmenn stoðgrindarinnar gegn tillögnum og leggja til aðrar leiðir.

Í vinnuþlaggi starfshóps er árangur núverandi kerfis ekki metinn, né helstu vankantar. Á sama hátt er ekki fjallað um kosti og galla þeirra tillagna sem lagðar eru fram. Hvergi kemur fram hvernig ný eining muni ná betri árangri eða hvaða afleiðingar slík sameining hefði í för með sér. Kostir og gallar skipurits og stjórnar eru hvergi metnir úr frá skipulagsheildinni eða hvaða áhrif það hefði á verkefni stofnunarinnar. Eins er ekki gert ráð fyrir fulltrúa frá hinu opinbera þrátt fyrir að ný stofnun yrði verulega háð framlagi ríkisins. Hugmyndir um lengri aðlögunartíma skila sömu niðurstöðu.

Forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða hvetur ákvörðunaraðila til að meta út fram hagsmunum íbúa á svæðinu hvort skynsamlegt er að stjórnámálaleg samtök eins og Fjórðungssamband Vestfjarða yfirtaki fagstofnanir á borð við Markaðsstofu, Vaxtasamning og Menningarráð. Á sama hátt er það álit forstöðumanns að tryggja ætti sjálfstæði Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Með kærri kveðju,
Gústaf Gústafsson
forstöðumaður
Markaðsstofu Vestfjarða

Ályktun Atkvenna

Stjórnarfundur Sjálfseignarstofnunarinnar At-konur ályktaði eftirfarandi á fundi sínum þann 7.11. 2011.

Stjórn At-kvenna lýsir sig andsnúna framkomnum hugmyndum starfshóps um samruna stoðkerfis atvinnu- og byggða á Vestfjörðum.

Í hugmyndunum er lagt til að sameina stofnanir undir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga en halda þó stjórnnum Vaxtarsamnings og Menningarráðs Vestfjarða áfram starfandi. Í tillögum er gert ráð fyrir alfarið eða meirihlutaskipan sveitarstjórnarmanna í stjórn með 5 stjórnarmenn.

At-konur telja að með þessu fyrirkomulagi sé veruleg hættu á að pólitísk afskipti verði of mikil í starfssemi sem tengist atvinnuþróun á Vestfjörðum. Jafnframt telja At-konur að með slíkri ráðstöfun sé gengið framhjá grasrótinni sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf er sprottið af og mikilvægt sé að taka tillit til.

At-konur telja að heillavænlegra væri að sameina undir hatti Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða náskylda starfssemi sem lýtur að því að skapa ný störf með því að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við atvinnusköpun og þróun viðskipta- og atvinnutækifæra á svæðinu.

Hér má nefna Markaðsstofu sem styður við markaðssetningu ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein, menningarráð sem stuðlar að og styður við sköpun starfa á sviði skapandi greina og uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu og Vaxtarsamning Vestfjarða sem vinnur að og með klasasamstarfi fyrirtækja/stofnanna á Vestfjörðum.

Auk þess telur stjórnin að skoða beri möguleika á samstarfssamningi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um verkefni sem lúta að aðstoð við frumkvöðla á starfssvæði Atvinnuþróunarfélagsins.

Með framangreindu mætti sameina krafta, auka hagkvæmni í rekstri og mynda betra flæði á milli svæða og atvinnugreina ásamt því að auðvelda aðgengi íbúa að þjónustu við uppbyggingu atvinnutækifæra á svæðinu.

At – konur telja að Fjórðungssamband Vestfirðinga eigi að standa utan Atvinnuþróunarfélagsins eins og verið hefur þar sem hlutverk þess sé um margt ólíkt fyrrnefndum stofnunum. Mikilvægt er þó talið að Atvinnuþróunarfélagið njóti áfram stuðnings Fjórðungssambandsins í starfssemi sinni.



Ferðamálasamtök Vestfjarða

Ályktun Ferðamálasamtaka Vestfjarða

Vestfjörðum 7. nóvember 2011.

Ályktun og tillaga stjórnar Ferðamálasamtaka Vestfjarða vegna umræðu um sameiningu stoðkerfis á Vestfjörðum

Stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða telur fram komnar tillögur starfshóps um sameiningu stoðkerfis á Vestfjörðum óásættanlegar. Stjórnin lítur þannig á að verið sé að leggja niður Markaðsstofu Vestfjarða sem starfar fyrst og fremst sem markaðsstofa ferðamála, og þar með slíta tengsl grasrótarnnar við stoðkerfið.

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa mörg undanfarin ár átt góð og árangursrík samskipti við Markaðsstofu Vestfjarða og er einn af stofnaðilum stofnunar og hafa lagt fram fjármuni árlega til reksturs hennar.

Á sama hátt hafa Ferðamálasamtökin átt gott samstarf við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og fleiri stofnanir í stoðgrindinni.

Með þessum tillögum er verið að skerða verulega möguleika Ferðamálasamtakanna til samstarfs við stoðkerfið og minnka áhrif greinarinnar við stefnumótun og ákvarðanatöku. Ferðamálasamtökin vilja gjarnan að Markaðsstofa Vestfjarða vinni í náninni samvinnu við aðrar stoðstofnanir þannig að hinn mikli mannauður innan þeirra nýtist betur til góðra verka.

Mikilvægt er að fagstofnun eins og Markaðsstofu Vestfjarða sé tryggð sjálfstæði og starfsöryggi eins og núverandi samþykktir kveða á um.

Stjórnin sér fram á að með þátttöku í fagráði, eins og fram kemur í áðurnefndum tillögum starfshóps, muni fulltrúi ferðapjónustunnar fjalla einungis að mjög takmörkuðu leyti um málefni greinarinnar. Að auki hafi fagráð takmörkuðu hlutverki að gegna sem ráðgefandi aðili til stjórnar nýrrar stofnunar.

Stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða hvetur sveitarstjórnarfulltrúa að endurskoða fram komnar tillögur. Hvergi er bent á kosti sameiningar fyrir Markaðsstofu Vestfjarða í tillögunum og ekkert sem sýnir fram á að sameining allra stoðstofnana muni efla þau verkefni sem ferðapjónustan stendur frammi fyrir.

Stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða leggur fram eftirfarandi tillögu:

Formlegt klasasamstarf verði myndað meðal allra stofnana undir stjórn og að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfjarða ásamt aðkomu fulltrúa hins opinbera. Vettvangur þar sem öll helstu verkefni eru kynnt og samstarf stofnananna útfært eftir þörf.

Allar stofnanir hafi sama viðmót, reynt verði eftir megni að tryggja þekkingarklasa á hverjum stað með því að starfsstöðvar verði undir sama þaki. Haldnir verði reglulegir samþættingarfundir með

þátttöku starfsmanna og stjórna.